2. október 2024

Helga Jónsdóttir

# Þróun barnabóta
## Markmið og breytingar á kerfinu

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Barnabætur á Íslandi

Á 40 árum hefur kerfi barnabóta tekið nokkrum breytingum frá því að vera blanda af **ótekjutengdum stuðningi** og **tekjutengdum** í að vera **nær alfarið tekjutengt frá 1998.**

Með þeirri breytingu og ýmsum öðrum sem á eftir komu voru barnabætur hugsaðar sem **sérstakur stuðningur við tekjulægri fjölskyldur** í stað þess að þær væru almennar tilfærslur til allra barnafjölskyldna óháð efnahag.

Kerfi barnabóta hér á landi er í **grundvallaratriðum ólíkt kerfi annarra Norðurlandaþjóða** en þar eru barnabætur almennt ótekjutengdar og greiddar til allra barnafjölskyldna.

Hér miðar kerfið að því að beina bótunum þangað sem þörfin er mest, eða núna í seinni tíma, beina bótunum þangað sem þörf þykir hverju sinni.

**Einstaklingar**
Barnabætur með hverju barni: 489.000
Viðbót með hverju barni yngra en 7 ára: 130.000
4% skerðingar við 5,5 m.kr
**Sambúðarfólk**
Barnabætur með hverju barni 328.000
Viðbót með hverju barni yngra en 7 ára: 130.000
4% skerðingar við 11,0 m.kr

Í álagningu 2024 hefði ótekjutengt barnabótakerfi kostað 34 ma.kr. Núverandi kerfi er því um 60% af því.

# Breytingar á viðmiðum barnabóta

## 2019

Fjárhæðir hækkaðar um 5,0%. Skerðingarmörkum skipt í efri og neðri skerðingarmörk þar sem neðri skerðingarmörk eru 24,1% hærri en skerðingarmörk fyrra árs. Skerðingarhlutföll hækkuð í efri skerðingarmörkum

15,8 ma.kr.

## 2020

Skerðingarmörk hækkuð um 8,3%. 3 ma.kr. sérstakur barnabótaauki til foreldra vegna allra barna

15,9 ma.kr.

## 2021

Skerðingarmörk hækkuð um 8,0%. 1,6 ma.kr. í sérstakan barnabótaauka til foreldra sem fá tekjutengdar barnabætur

15,7 ma.kr.

## 2022

Neðri skerðingarmörk hækkuð um 8%, efri skerðingarmörkin um 12% og fjárhæðir bóta hækkaðar um 5,5%-5,8%.

17,2 ma.kr.

## 2023

Skerðingarmörk hækkuð um 4%. Fjárhæð til einstæðra hækkuð um 4%

15,2 ma.kr.

## 2024

Skerðingarmörk hækkuð um 16%. Fjárhæð bóta hækkaðar um 11%

19,7 ma.kr.

# Samanburður við Norðurlönd

## Barnabætur lægri, en kostnaður við að vera með barn/börn á leikskóla er lægri

Public expenditure on family benefits by type of expenditure, in per cent of GDP, 2019 and latest available



# Söguleg þróun útgjalda til barnabóta, í m.kr




Heimild: Álagningarskrár RSK, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

*Á verðlagi ársins 2024

# Nýjustu kerfisbreytingar

## 2022

**Hjón og sambúðarfólk**

-Fyrsta barn: 248.000

- Með hverju barni umfram eitt: 295.000

**Einstæðir**

-Fyrsta barn 413.000

- Með hverju barni umfram eitt: 423.000

Viðbót

- 148.000 og 4% skerðingarhlutfall

**Skerðingarhlutföll**

- 6 Skerðingarhlutföll eftir fjölda barna 1,2,3)

og mismunandi tekjustofna

## 2023

- Ein fjárhæð með hverju barni
- Ein skerðingarmörk
- Skerðingarhlutföll lækkuð
- Viðbót 7 ára og yngri lækkuð

## 2024

- Eitt skerðingarhlutfall

## 2025

- Fyrirframgreiðsla barnabóta á fæðingarári barns

# Yngri foreldrar fá hærri barnabætur en eldri

Meðalbarnabætur fara lækkandi með aldri vegna hærri tekna, lægra hlutfalls barna yngri en 7 ára og hærra hlutfalls foreldra í sambúð. En þeir eldri eiga fleiri börn sem vegur á móti.

**Barnabætur að meðaltali (lína h.ás) og fjöldi barna (v ás) eftir aldri foreldra**
Meðaltal í kr.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, álagningarskrár RSK

# Barnabætur taka tillit til aðstæðna

## Einstæðar mæður voru 15% fjöldans sem fengu barnabætur en fengu 35% af greiddum barnabótum alls á árinu 2024

**Skipting barnabóta eftir kyni og hjúskaparstöðu**

Í m.kr




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, álagningarskrár RSK

# Barnabætur lækka með auknum tekjum

Grunnfjárhæðir barnabóta eru hærri hjá einstæðum foreldum en skerðingarmörk sambúðarfólks tvöfalt hærri samanborið við einstæða foreldra. Barnamargir foreldrar geta verið með háar tekjur.

**Lágt skerðingarhlutfall hleypir greiðslu barnabóta hátt upp tekjustigann**

Meðalgreiðsla barnabóta eftir árstekjum og hjúskaparstöðu í kr.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, álagningarskrár RKS

# Hlutfall barna sem reiknast barnabætur frá 2009



# Hvað þýddi breytingin milli 2023 og 2024?

**Barnabætur ársins 2023 og 2024 á föstu verðlagi**

Eftir tekjutíundum tekjustofns til útreiknings barnabóta allra í álagningu




Heimild: Fjármála og efnahagsráðuneytið, álagningarskrár Skattsins

# Barnabætur 2025 - helstu stærðir og breytingar

- Greiðslur barnabóta verða 21 ma.kr.
- Grunnfjárhæðir og skerðingarmörk hækka.
- 67 þúsund foreldrar fá barnabætur.

Greiðslur til fyrsta árs barna berast allt að 13 mánuðum fyrr.

**Einstaklingar**

- Barnabætur með hverju barni: 514.500
- Viðbót með hverju barni yngra en 7 ára: 130.000
- 4% skerðingar við 5,844 m.kr

**Sambúðarfólk**

- Barnabætur með hverju barni 345.000
- Viðbót með hverju barni yngra en 7 ára: 130.000
- 4% skerðingar við 11,688 m.kr

*Miðað við verðbólguforsendur þjóðhagspár að viðbættu viðmiði framleiðnivaxtar (1%)

# Til umhugsunar

Uppfærslur kerfisins hafa endurspeglast í takmörkuðu fjármagni til ráðstöfunar og grunnfjárhæðir sem rétt hanga í verðlagsþróun. Það þýðir að þeir sem fá óskertar bætur hafa fengið bætur sem vega sífellt minna í samanburði við aðrar tekjur.

Hefur verið mikill pólitískur vilji á hverjum tíma til að stuðningur nái til fleiri barnafjölskyldna. Það birtist í ákveðinni þróun um að skerðingarmörk þurfa að hækka umfram launaþróun.

Kerfi barnabóta býr ekki við fyrirsjáanleika í uppfærslum yfir tíma og gæta þarf að hagstjórnarhlutverki þess.

Þegar gefur á bátinn er þörfin meiri og þegar vel árar er þörfin minni.
Hækkanir sem endurspegla tímabundna velmegun ríkissjóðs koma iðulega ekki á tímum þegar þörfin er mest.

Það þurfti ákveðið hugrekki til að einfalda kerfið í síðustu breytingum.
Gefur betri yfirsýn en áður. Greining byggir ekki lengur á einföldum fjölskyldudæmum.
Þurfum að vakta hvort markmið og efndir séu eins og að var stefnt

2. október 2024

Helga Jónsdóttir

# Takk fyrir mig!